

Heimspækilegar samræður

Þeir tjölduðu á sunnudagsmorgni á fögrum velli grænum. Veður var bjart og fagurt. Þeir lögðust að sofa og lágu í röð í tjaldinu.

Af hverju voru þeir að tjalda á sunnudagsmorgni?

Af hverju fóru þeir að sofa yfir daginn?

Hvað voru þeir að gera um nóttina?

Af hverju þurfum við að sofa?

„Ég vildi ég ætti það sem mig dreymdi um í dag.“

Hvað dreymdi hann?

Hvað dreymir ykkur?

Hvað eru draumar?

„Ég þóttist ganga hérna út um völlinn. Kom ég þá að húsi einu miklu og fallegu. Þar var fjöldi manna saman kominn og sungu menn þar og spiluðu með kæti mikilli og gleði.

Hvaða hús er þetta?

Hvað er hús?

Af hverju þurfum við hús?

Hvaða fólk er þetta?

Af hverju var fjöldi manna saman kominn?

Af hverju voru þau að syngja og spila?

Kom ég þá að á einni mikilli. Ég leitaðist lengi við að komast yfir hana, en gat ekki. Þá sá ég hvar kom ógurlega stór risi. Hann hafði tré geysimikið í hendinni og lagði hana yfir ána.

Af hverju vildi hann fara yfir ána?

Hvaðan kom risinn?

Af hverju lagði risinn tréið yfir ána?

„Komdu, lagsmáður, við skulum sækja snöggvast peningana.“

Afhverju segist hann geta sótt peningana?

Hvaða peninga er hann að tala um?

Hvað eru peningar?

Hvað eru verðmæti?

Hvað er verðmætt fyrir okkur?

Hver eða hvað er okkar fjársjóður?

Maðurinn fór að hlæja og hugsaði, að hann væri ekki með öllum mjalla, en fór þó.

Af hverju fór maðurinn að hlæja?

Af hverju förum við að hlæja?

Hvað er hlátur?

Af hverju telur maðurinn að hann sé ekki með öllum mjalla?